

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Reykjavíkur

Reykjavík 27. nóvember 2024

**Efni: Umsögn Rótarinnar réttindasamtaka um drög að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 til og með 2027.**

Rótin fagnar því að verið sé að vinna að umbótum í ofbeldismálum og mörgum góðum tillögum í drögunum.

Rótin vekur athygli á því að ekki er minnst einu orði á einn útsettasta hóp fólks fyrir ofbeldi þ.e. heimilislausar konur né almennt konur með vímuefnavanda.

Rótin sendi ofbeldisvarnaráði greinargerð um heimilislausar konur þar sem m.a. segir:

*Ofbeldi í nánum samböndum er það mannréttindabrot sem konur verða oftast fyrir og algengasta ástæðan fyrir heimilisleysi kvenna. Í fáum hópum kvenna er að finna hærra hlutfall þolenda kynbundinnar áreitni, ofbeldis og þess valdaleysis sem hlýst af mismunun kynjanna en á meðal kvenna með vímuefnavanda. Mikilvægt er að hafa í huga að konur sem lenda í heimilisleysi eru fjórum sinnum líklegri en aðrar konur að hafa upplifað ofbeldi í nánum samböndum og að heimilisleysi er oft bein afleiðing af því.<sup>1</sup>*

Þar segir einnig:

*Þá kemur ... fram í leiðbeiningum FAENTSA að skortur á samstarfi stuðnings- og þjónustuaðila eykur oft á þær áskoranir sem þær standa frammi fyrir og kemur í veg fyrir að þær fái þann stuðning sem þær þurfa á réttum tíma. Einnig segir að flóknar þjónustuþarfir kvennanna séu ekki endilega vísbending um fjölbreyttan einstaklingsbundinn vanda heldur sé frekar merki um árangursleysi kerfa sem einblína á einn vanda en horfa fram hjá hinu víðara samhengi sem veldur heimilisleysi. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að samþætta þekkingu á kyni í alla þjónustuþætti, t.d. vímuefna- og geðmeðferð og stuðla að meiri samvinnu og samþættingu þjónustu. Það verkefni að koma í veg fyrir og koma konum út úr heimilisofbeldi er sameiginlegt verkefni þeirra sem vinna með þolendum, heilbrigðiskerfis, barnaverndar, réttarkerfis og félagsþjónustu.<sup>2</sup>*

<sup>1</sup> Sjá: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/211014\\_greinargerð\\_um\\_heimilislausar\\_konur\\_ofbeldisvarnanefnd.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/211014_greinargerð_um_heimilislausar_konur_ofbeldisvarnanefnd.pdf).

<sup>2</sup> Sama heimild.

Ofbeldi karlkyns maka er iðulega nefnt sem sterkasti áhrifaþátturinn sem stuðlar að heimilisleysi kvenna.<sup>3</sup> Þá hefur lítið traust heimilisláusra kvenna til lögreglu áhrif á að þær leita sér ekki hjálpar en láta sig frekar hafa að lifa við ofbeldi. Almenn þarf að skoða hvernig réttlæti og öryggi jaðarsettra kvenna er tryggt með áfallamiðaðri aðferðafræði og viðurkenningu á því að margar þeirra lifa undir stöðugri ofbeldiögn.

Almenn þjálfun þeirra sem koma að vinnu með þessum hópi í áfallamiðaðri vinnu og þjónandi leiðsögn væri t.d. til bóta, hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar og ekki síður lögreglu.

Ekkert kvennaathvarf er fyrir konur sem eru með vímuefnavanda þrátt fyrir að augljós þörf sólarhringsþjónustu sé í boði fyrir konur sem eru að flýja ofbeldi og eru með vímuefnavanda. Nefnd Evrópuráðsins um ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (GREVIO) segir í skýrslu sinni árið 2022:

*In 2012 a shelter was established specifically for women trying to escape prostitution but was closed down after two years, partly due to a lack of funding. In addition, women with addiction issues are not admitted to the main domestic violence shelter. GREVIO notes with concern the situation that some women in Iceland find themselves in, as no dedicated safe accommodation seems to exist to address in an adequate and non-stigmatising manner their intersecting issues of victimisation, homelessness and addiction. There seems to be an insufficient provision of dedicated support to homeless women with addiction issues who are in prostitution, and the responses currently provided by professionals and service providers do not seem to comprehensively address their needs, including, on the one hand, the need for protection from violence at the hands of intimate partners, at the hands of customers or those providing them with drugs, and on the other hand, providing support and treatment for their addiction issues. The non-discrimination principle established in Article 4, paragraph 3, of the Istanbul Convention requires that offers of protection and support be made to all women exposed to or at risk of violence, in particular those exposed to intersecting forms of discrimination, such as women with addiction issues and women in prostitution.*

Þar segir einnig:

GREVIO strongly encourages the Icelandic authorities to take the necessary measures to ensure that women with addiction issues and women in prostitution are provided with safe accommodation as well as legal and psychological counselling and support, in order to meet their


---

<sup>3</sup> FEANTSA. ?. Women experiencing violence and homelessness: interlinked and unaddressed gender specific needs. Sjá: [https://www.feantsa.org/public/user/Resources/Position\\_papers/FEANTSA\\_background\\_paper\\_Women's\\_Homelessness\\_and\\_GBV.pdf](https://www.feantsa.org/public/user/Resources/Position_papers/FEANTSA_background_paper_Women's_Homelessness_and_GBV.pdf).

needs as victims of violence, and are provided with other relevant services in a manner that can address their specific needs.

Í ljósi framangreinds hvetur Rótin mannréttinda- og ofbeldisvarnarrá til að skoða með hvaða hætti hægt er að inngilda konur með vímuefnavanda og heimilisláusar konur inn í aðgerðaáætlunina. Félagið er viljugt að taka þátt í slíkri vinnu ef það getur orðið að liði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rótarinnar



Kristín I. Pálsdóttir  
talskona Rótarinnar